

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Reykjahreppi, Suður-Pingeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd sér um að leggja holræsi í landi hreppsins við Skarðaháls. Hreppurinn getur tekið að sér að leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa. Er þeim húseigendum er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalræsi. Regnvatn frá húsum og hitaveituvatn frá ofnakerfi skal leggja í sérræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að aðalræsi) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Alla framkvæmdaþörf sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd eða þeir aðilar sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón.

Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi nema með leyfi þessara aðila og er öllum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar er máli skiptir.

Oddviti hreppsnefndar annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af kostnaði við gerð og rekstur þess, ber hverjum húseiganda sem tengist holræsakerfi hreppsins að greiða holræsagjald til hreppsins sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0,15% samkvæmt fasteignamati, þó aldrei lægra en kr. 2.500.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um 50% án samþykkis ráðuneytisins.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur sem hreppsnefndin kann að öðlast skv. 1. og 3. gr. má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í tvö næstu ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagar holræsagjalda eru þeir sömu og á fasteignasköttum.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykjahrepps í Suður-Pingeyjarsýslu staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 1. júlí 1997.

F. h. r.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.